



Fréttatilkynning
06 July 2025 21:43:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Kvika banki hf. hafnar beiðni Íslandsbanka um samrunaviðræður

Íslandsbanki sendi stjórn Kviku banka hf. uppfært erindi eftir lokun markaða föstudaginn 4.júlí þar sem bankinn ítrekaði ósk sína um samrunaviðræður.

Íslandsbanki sendi stjórn Kviku banka hf. ("Kvika") uppfært erindi eftir lokun markaða föstudaginn 4.júlí þar sem bankinn ítrekaði ósk sína um samrunaviðræður. Stjórn Kviku hefur nú hafnað beiðni Íslandsbanka.

Íslandsbanki hefur áður gefið út að bankinn hafi til skoðunar tækifæri til bæði innri og ytri vaxtar og mun bankinn áfram skoða hagkvæmustu leiðir til að nýta umfram eigið fé. Það er mat stjórnar Íslandsbanka að það felist ýmis tækifæri til frekari samþættingar á fjármálamarkaði innanlands en einnig séu tækifæri til vaxtar erlendis. Bankinn mun áfram horfa til virðisaukningar fyrir bæði viðskiptavinum og hluthafum bankans.

Þessi tilkynning er birt af Íslandsbanka hf. og inniheldur upplýsingar sem töldust eða kunna að hafa talist innherjaupplýsingar í skilningi 7. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og Ráðsins (ESB) nr. 596 /2014 um markaðssvik (MAR), sbr. lög nr. 60/2021, um aðgerðir gegn markaðssvikum, varðandi beiðni um samrunaviðræður sem lýst er að ofan. Tilkynning þessi er gerð af Ellerti Hlöðverssyni, fjármálastjóra Íslandsbanka hf., í samræmi við upplýsingaskyldu bankans samkvæmt MAR og 2. gr. framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EU) 2016/1055.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl - Bjarney Anna Bjarnadóttir, ir@islandsbanki.is
Samskiptastjóri - Edda Hermannsdóttir, pr@islandsbanki.is

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Kvika banki hf. hafnar beiðni Íslandsbanka um samrunaviðræður](#)